

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um endurskoðun reglugerðar um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað líður endurskoðun reglugerðar um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, nr. 246/2001, sem hófst á síðasta kjörtímabili?*
2. *Hvenær munu drög að nýrri reglugerð liggja fyrir?*
3. *Hyggst ráðherra leita samráðs við helstu hagsmunaaðila um endurskoðun reglugerðarinnar eða birta drög að nýrri reglugerð í samráðsgátt áður en hún tekur gildi í endanlegri mynd?*

Endurskoðun reglugerðar um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, nr. 246/2001, hefur farið fram í samvinnu dómsmálaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, nú menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Í upphafi og til ársins 2020 tók fulltrúi Persónuverndar einnig þátt í vinnu við endurskoðun reglugerðarinnar.

Vonir standa til þess að drög að nýrri reglugerð liggi fyrir á vormánuðum og munu þau þá verða sett í samráðsgátt til almennrar kynningar og umsagnar.